

Ástæður til útilokunar samkvæmt lista Evrópskra þróunarfjármögnunarstofnana (European Development Finance Institutions)

Ástæður til útilokunar um hæfi verkefna til samfjármögnunar eru eftirfarandi:

- 1) Framleiðsla eða starfsemi sem felur í sér nauðungar-/skylduvinnu¹ eða barnavinnu².
- 2) Framleiðsla eða viðskipti með hvers konar vöru eða starfsemi sem telst ólögleg samkvæmt lögum eða reglugerðum samstarfslands, eða samkvæmt alþjóðasamþykktum og samningum.
- 3) Öll starfsemi eða viðskipti sem tengjast klámi eða vændi á einhvern hátt.
- 4) Viðskipti með villt dýr eða vörur tengdar villtum dýrum sem falla undir CITES alþjóðasamþykktina³.
- 5) Framleiðsla eða notkun eða viðskipti með hættuleg efni, svo sem geislavirk efni⁴, óbundið asbest og vörur sem innihalda fjöklórblönduð bífenýl.
- 6) Viðskipti sem ná yfir landamæri með úrgang og úrgangsefni, nema það sé í samræmi við Basel samþykktina og þar af lútandi reglur.
- 7) Reknetsveiðar í hafi með netum sem eru yfir 2.5 km á lengd.
- 8) Framleiðsla, notkun eða viðskipti með lyf, meindýraeitur/gróðureyði, eiturefni, ósoneyðandi efni og önnur hættuleg efni sem falla undir alþjóðleg bönn eða stendur til að hætta framleiðslu á.
- 9) Eyðilegging búsvæða dýrategunda sem eru við hættumörk eða í útrýmingarhættu⁵.
- 10) Framleiðsla og dreifing fjölmiðlaefnis sem felur í sér kynþáttafordóma, andlýðræðisleg og/eða nýnasista viðhorf.

Þar að auki er fjármögnun verkefna ekki leyfileg í tilvikum þar sem aðalstarfsemi þess sem framkvæmir verkefnið eða samstarfsaðila felur í sér að verulegu leyti:

- 11) Framleiðslu eða viðskipti með
 - a) vopn og skotfæri
 - b) tóbak
 - c) sterkt áfengi
 - d) fjárhættuspil, spilavíti og önnur sambærileg starfsemi.

¹ Nauðungar-/skylduvinnu tekur til alls starfs eða þjónustu sem ekki er framkvæmd með sjálfviljugum hætti, eins og skilgreint er í samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (International Labour Organisation).

² Lágmarksaldur við vinnu skal aldrei vera lægri en 14 ár, eða eins og tiltekið er í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 138.

³ CITES: Convention on International Trade in Endangered Species or Wild Fauna and Flora.

⁴ Þetta á ekki við innkaup á búnaði sem notaður er til lyflækninga, gæðaeftirlits eða hvern þann búnað sem uppfyllir kröfur EFP um geislavirk efni.

⁵ Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðlegru náttúruverndarsamtakanna IUCN.